

# SKIMUNARLISTI

## Leikskólaliði

Markmiðið með skimunarlistanum er að leggja fyrsta mat á hvort þú átt erindi í raunfærnimat. Niðurstaðan er aðeins vísbending um hvort ástæða sé til að skoða næstu skref með ráðgjafa.

Leikskólaliðar vinna umönnunar- og uppeldisstörf á leikskólum undir stjórn leikskólakennara. Forsendur fyrir raunfærnimati er að þú hafir öðlast talsverða færni og eru því sett lágmark um 23 ára lífaldur og 3 ára starfsreynslu í faginu.

Ekki þarf að hafa þekkingu á öllum þáttum til að eiga erindi í raunfærnimat.

Færni viðmiðum er skipt í flokka og skalinn hér til hliðar notaður. Neðst í hverjum flokki er kassi þar sem þú getur bætt við atriðum eða skýrt frekar út þína hæfni. Endilega notaðu þá.

1	Lítill þekking/færni
2	Nokkur þekking/færni
3	Góð þekking/færni
4	Mikil þekking/færni

<b>Nafn</b>			
<b>Lífaldur</b>		<b>Starfsaldur í grein / ár</b>	

<b>Einstaklingur, fjölskylda og samfélag</b>	1	2	3	4
Ég hef reynslu af vinnu með ólíkum fjölskyldugerðum				
- þekkingu til að sinna uppeldi barna og umönnun fullorðinna				
- reynslu af samskiptum við opinberar stofnanir varðandi málefni fjölskyldna				
- reynslu af sjálfboðastarfi er varðar hag einstaklinga				
- reynslu af úrlausn félagslegra vandamála				
Annað:				
<b>Fötlun</b>	1	2	3	4
Ég hef reynslu og þekkingu til að vinna með börnum með fatlanir og þroskafrávik				
- þekki helstu þroskafrávik og einkenni þeirra				
- get tekið þátt í gerð þjálfunaráætlana fyrir börn				
- hef reynslu til að meta með fagfólki lífsgæði og virkni fatlaðra barna				
- get leiðbeint foreldrum um úrræði vegna fatlaðra barna				
Annað:				

<b>Leikir, börn og bækur</b>	1	2	3	4
Ég hef skipulagt leiki út frá aldri barna og þroska				
- hef þekkingu á hvernig málþroski og leikur tvinnast saman				
- geri mér grein fyrir ólíkri leikjamenningu drengja og stúlkna				
- hef þekkingu á barnabókum og gildi þeirra fyrir þroska barna				
- get nýtt barnabækur í starfi með tilliti til skemmtunar og fróðleiks				
- hef hæfni til að velja heppilegt lestrarefni út frá málþroska og áhuga				
- hef reynslu af því að vinna með börnum í tengslum við leikrit og söfn				
- get nýtt mér margmiðlunarefni í tengslum við starfið				
Annað:				
<b>Hreyfing og næring</b>	1	2	3	4
Ég þekki gildi heilbrigðra lífshátta og hreyfingar				
- get sett saman heilsusamlegan matseðil fyrir börn				
- hef reynslu af að hvetja börn til heilbrigðra lífshátta				
- kann að veita ráð um mataræði og næringarefni				
- get aflað upplýsinga á netinu um næringu og heilsu				
Annað:				
<b>Skapandi starf</b>	1	2	3	4
Ég hef reynslu og þekkingu til að nýta listgreinar í starfi				
- þekki jákvæð áhrif listsköpunar á virkni barna				
- tel mig hafa hæfni til að nota skapandi starf í uppeldi				
- ég þekki leiðir til að vekja áhuga barna á listsköpun				
Annað:				

<b>Starfið</b>	1	2	3	4
Ég hef reynslu af því að vinna samkvæmt starfslýsingum				
- reynslu af leikskólastarfi og geri mér grein fyrir mikilvægi þess				
- get leitt uppeldisstarf í samræmi við lög og reglur				
- bý yfir leikni í samskiptum við börn og fullorðna				
- hef hæfni til að skilja og virða börn í ólíkum aðstæðum				
- þekki notkun hjálpartækja í leikskólastarfi				
- þekki til áhættuþátta í starfi með börnum, s.s. einelti				
Annað:				
<b>Uppeldisfræði</b>	1	2	3	4
Ég get beitt mismunandi uppeldisaðferðum og rökrætt kosti þeirra og galla				

- geri mér grein fyrir mótunarþáttum í eigin uppeldi				
- get og hef reynslu af að greina vandamál sem koma upp hjá börnum				
- veit hvað virk hlustun er og get beitt henni				
- veit hvert á að leita ef grunur er um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni				
Annað:				
<b>Þroski og hreyfing</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>
Ég get notað nánasta umhverfi til að efla hreyfigetu barna				
- hef reynslu af framkvæmd hreyfiáætlana fyrir börn með ólíkar þarfir				
- hef aðstoðað við framkvæmd þroskaþrófs				
- þekki samspil skynþroska, líkamsþroska og hreyfiþroska				
Annað:				

Ráðgjafi hjá fræðslu- eða símenntunarmiðstöð getur leiðbeint þér um framhaldið, meðal annars fundið út hvort og hvenær raunfærnimat er að hefjast í greininni.

Nánari upplýsingar um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar má finna [hér](#).

Gangi þér vel.